

## 9. Fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps. Haldinn í Tjarnarlundi 5. nóvember 2019 kl. 14:00.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir býður fólk velkomið og setur fundinn.

Mætt eru: Embla Dögg Bachmann og Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem fulltrúar Reykhólahrepps. Ragnheiður Pálsdóttir sem fulltrúi Dalabyggðar Sigríður Huld Skúladóttir boðaði forföll. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Kristín Inga Kristjánsdóttir fyrir hönd félags eldri borgara. Þórunn Björk Einarsdóttir fyrir hönd HVE. Jón Egill Jónsson tómstundafulltrúi Dalabyggðar. Félagsmálastjóri Reykhólahrepps boðaði forföll.

1. **Farið yfir fundargerð síðasta fundar.** Enn hefur ekki borist svar varðandi reglugerð á slætti og snjómokstri, þarfnast athugunar, reglur eru til hjá Dalabyggð en ekki Reykhólahreppi. Síðan þyrfti að koma þeim út með auglýsingu hvað varðar eldri borgara.
2. **Upplýsingar úr fjárhagsáætlun Dalabyggðar.** Farið yfir fjárhagsáætlun.
3. **Upplýsingar úr fjárhagsáætlun Reykhólahrepps.** Farið yfir fjárhagsáætlun. Styrkur til félags eldri borgara hefur ekki tekið neinum vísitölu hækkunum síðustu ár og hefur staðið í 100.000 krónum á ári. Öldungaráð hvetur sveitarstjórn Reykhólahrepps til að skoða hækkun.
4. **Staða hjúkrunarheimila og heilsugæslu.** Verið er að vinna að úttekt á rekstri Silfurtúns. Jafnframt er verið að skoða samstarf Silfurtúns og Fellsenda. Rekstur Barmahlíðar hefur verið tæpur, en gengið. Illa hefur gengið að manna stöðu hjúkrunarforstjóra og einnig hefur ekki gengið nógu vel að fylla hjúkrunarrýmin. Öldungaráð lýsir yfir áhyggjum af stöðu hjúkrunarheimila á svæðinu. Talað um úrræði fyrir fólk úti á landi. Mikilvægt að skoða hvert dæmi fyrir sig og skoða fjölbreytt úrræði. Þórunn fór yfir liði sem snúa að heilsugæslunni. Framkvæmdir á heilsugæslunni í Búðardal. Búið að taka nýjar skrifstofur í notkun. Framkvæmdir gengu vel. HVE er rekið með rekstrarhalla þetta árið og lítið svigrúm fyrir aukakostnað. Hjúkrunarfræðingur fær ekki afleysingu í sumarfrii og því dregst þjónusta saman að einhverju leyti yfir sumartímann. Þórunn sagði einnig frá netsjúkrapjalfun.is sem kom í október

og verður aftur í nóvember. Þessi þjónusta er fyrir alla og Öldungaráð hvetur eldri borgara til að nýta sér þessa þjónustu.

## 6. Önnur mál.

- Jóna Valgerður fór yfir ályktun er varðar fasteignagjöld. Ályktunin var send á sveitarfélögin árið 2018 en fékk ekki viðbrögð. Ályktunin hefur verið endurnýjuð og er svohljóðandi:

### **Ályktun um afslátt fasteignagjalda sveitarfélga:**

Í okkar sveitarfélögum eru margir eldri borgarar sem vilja búa áfram í eigin húsnæði. Einnig má segja að ekki sé um margt að velja til þess að minnka við sig í þeim efnum. Oft er hér um all stórt húsnæði að ræða sem ætlað var stórri fjölskyldu og nú situr e.t.v. einn eftir í því. Þar getur fasteignaskattur verið stór póstur fyrir þann sem eftir situr og hefur ekki úr miklu að spila til framfærslu. Ekki virðist samræmi milli sveitarfélaga um hver tekjumörkin skuli vera til þess að veita afslátt af fasteignagjöldum til eldri borgara og öryrkja og getur þar munað allmiklu. Á Íslandi er ellilífeyrir um 300.000 kr. á mánuði (fyrir skatt) fyrir þá sem búa einir. Lítilsháttar hækkun verður á næsta ári skv. Fjárlagafrumvarpi 2020.

**Öldungaráð beinir þeim tilmælum til sveitarstjórna Dalabyggðar og Reykhólahrepps að taka a.m.k. mið af þeirri tölu og hækka viðmiðunarmörk tekna ellilífeyrisþega til niðurfellingar fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði þannig að miðað sé að lágmarki við ellilífeyri almannatrygginga eins og hann er á hverjum tíma hjá þeim sem búa einir. Sambærileg upphæð væri fyrir sambúðarfólk.**

- Ragnheiður Pálsdóttir kynnti hvað gert hefur verið fyrir gjafafé á Silfurtúni á árinu.
- Ragnheiður Pálsdóttir kynnti jafnframt að gert er ráð fyrir að taka baðherbergi á Silfurtúni í gegn á þessu ári skv. fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2019.

Fundi slitið kl. 15:30